

Samkeppnishæfni og hagsmunir iðnaðar í ljósi styrkingar krónunnar

Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri SI

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

10. janúar 2017

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Samtök iðnaðarins eru mynduð af um **1.400** fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum

Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi





Iðnaður aflar um
**helsingis gjaldeyristekna
þjóðarinnar**



Um þriðjungur
landsframléiðslunnar
verður til í iðnaði




Fimmti hver Íslendingur
á vinnumarkaði hefur
atvinnu af iðnaði

Aðgerðir til að sporna við styrkingu krónunnar


- ✓ Vaxtalækkun og minni vaxtamunur
- ✓ Frekari inngrip Seðlabanka á gjaldeyrismarkaði
- ✓ Auknar niðurgreiðslur á erlendum lánum eftir atvikum
- ✓ Auknar fjárfestingar erlendis, einkum lífeyrissjóðir
- ✓ Aukin gjaldtaka, skattlagning og minni skattalegar ívilnanir í ferðaþjónustu
- ✓ Raungengismarkmið í peningamálum í tengslum við endurskoðun á peningastefnu

Mikill kraftur í hagkerfinu (almennt okkar stöðumat)


Hagvöxtur (%)




Vöxtur fjárfestingu (%)



Vöxtur einkaneyslu (%)




Viðskiptajöfnuður (% af VLF)



Heimild: Hagstofa Íslands

Gengispróun er ofarlega í huga manna


Gengi USD, GBP og EUR gagnvart krónu 2009-2017



Raungengi betri mælikvarði á samkeppnishæfni krónunnar stígur þrátt fyrir mikil inngrip

- ✓ Nálgumst hratt raungengisstig sem var fyrir kreppu. Þróun sem kemur ekki á óvart en fyrirfram hefðum við ekki gert ráð fyrir að styrking á nafngengi myndi leiða þá þróun.
- ✓ Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa hægt á styrkingu gengis, en inngrip bankans nema um 56% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði frá byrjun 2015.
- ✓ Engu að síður hefur gengið styrkst stöðugt í skjóli fjármagnshafta samhliða miklu innstreymi fjármagns
- ✓ Raungengið er 11,5% hærra en í upphafi ársins og 23% sterkara en við upphaf árs 2015.
- ✓ Mikil hækkun raungengis veikir samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna sem og fyrirtækja á innlendum markaði sem keppa við innfluttar vörur og þjónustu.
- ✓ Þróun á samkeppnisstöðu verri en gengisþróun krónunnar gefur til kynna.

Raungengi 2001-2016




Hvað er iðnaðurinn að flytja út?


- ✓ Iðnaðurinn flytur út fjölbreyttar vörur margvíslega þjónustu
- ✓ **Vörur:**
 - ✓ Heildarvöruútflutningur 2015 var 626 milljarðar. Horfur á umtalsverðum samdrætti 2016 eða um 14-15% og að hann verði 530-540 milljarðar.
 - ✓ 2015 voru fluttar út framleiddar iðnvörur fyrir 331 milljarð króna eða sem svarar 53% af heildarvöruútflutningi.
 - ✓ Hluttur iðnaðar dregst saman um 18-20% 2016 og vegur stóriðjan þyngst. Einstaka vöruflokkar í ágætum vexti s.s. tæknivörur og matvæli.
 - ✓ 2016 er 7,23% magnaukning útflutnings á öðrum afurðum en stóriðju frá 2015 en verðmæti dregst saman um 2,15%. Skýrist einkum af gengisstyrkingu.

Vöruútflutningur

Vöruútflutningur 1999-2015




Hlutfallslegur vöruútflutningur 199-2015



Hvað er iðnaðurinn að flytja út

- ✓ **Þjónusta:**
- ✓ 2015 var verðmæti heildarþjónustu sem flutt var út frá Íslandi 574 milljarðar og verður líklega 640-650 milljarðar 2016. Vöxturinn að miklu leyti tengdur ferðarþjónustu.
- ✓ 2015 var beint vægi greina tengdum iðnaði í þjónustuútflutningi um 18% eða 104 milljarðar.
- ✓ Líkur á um 8% samdrætti 2016 sem svara nokkurnvegin styrkingu krónunnar. Grunnþjónustuútflutningsgreinar s.s. UT og fjarskipti heldur sér nokkuð vel
- ✓ Um 15% af gjaldeyristekjum vegna ferðarþjónustu er vegna kaupa á vörum á Íslandi. Iðnaðurinn gæti átt um 20-30 milljarða hagsmuni vegna sölu til ferðamanna.

Þjónustuútflutningur í iðnaði 2013-2016




Samandregning útlutningshagsmunir iðnaðarins

- ✓ Flytjum út vörur fyrir um 331 milljarð 2015 – minnkar um 14-15% árið 2016
- ✓ Flytjum út þjónustu fyrir um 104 milljarða 2015 – minnkar um 7-8% árið 2016
- ✓ Sala á innlendum vörum til ferðamanna gæti verið um 20-30 milljarðar á ári
- ✓ Mat okkar á horfum fyrir árið 2017 er að ekki verði miklar breytingar frá 2016 þegar kemur að útlutningi á iðnaðartengdri þjónustu eða vöruútlutningi. Skýrst m.a. á mati okkar á þróun gengis krónunnar – frekari styrking ólíkleg.


Hátt atvinnustig kallar á innflutning vinnuafis og hefur gengisþróun áhrif á það flæði...

- ✓ Frá árinu 2013 hafa fleiri flutt til landsins en frá því – nán tengsl við hagsveifluna og gengisþróun.
- ✓ Erlent vinnuafis hefur flust til landsins, einkum til starfa í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Íslenskir ríkisborgarar hafa á sama tíma flutt frá landinu í ríkari mæli.
- ✓ Vísbendingar um að vel menntaðir Íslendingar séu að fara úr landi á sama tíma og störf séu að verða til innanlands sem krefjast minni hæfni
- ✓ Þrátt fyrir aukningu innflutts vinnuafis segjast um 40% stjórnenda fyrirtækja búa við skort á vinnuafli
- ✓ Lítil framleiðnivöxtur leiðir til að hlutfallslega fleiri störf verða til fyrir hvert hagvaxtarprósentustig en áður
- ✓ Hagvöxturinn er drifin áfram af meiri vinnu en ekki meiri gæðum vinnunnar

Fólksflutningar á milli landa – helst náið í hendur við hagsveifluna




Samspil raungengis á mælikvarða launa og fólksflutninga milli Íslands og umheimsins 1996-2016



Hvað með jákvæðar hliðar gengisstyrkingar fyrir iðnaðinn?


- ✓ Styrking á krónu helst yfirleitt í hendur við góða stöðu í efnahagslífinu – þannig er stór hluti Íslendinga og félagsmanna SI “jákvæður” gangvart sterkri krónu.
- ✓ Almennt má segja að verð á innfluttum aðföngum hafi lækkað samhliða lækkun á gengi krónunnar.
- ✓ Algengt að erlendir byrgjar reyni að hækka verð til Íslands vegna styrkingar á krónunni – Íslendingar geti borgað meira. Heilt yfir eru verð samt að lækka.
- ✓ Þetta dregur hefur jákvæð áhrif á framleiðslukostnað en innlendur kostnaður er á móti að hækka mikið – sérstaklega laun.

Félagsmenn SI spurðir í febrúar 2016
Gengi krónunnar styrktist um 8% árið 2015 og er
gengi evru nú um 143 kr. og dollars 127 kr.
Hversu vel eða illa kemur gengisþróun krónunnar
við þinn rekstur?




Dæmi um afleiðingar gengisstyrkingar á byggingariðnaði

- ✓ Byggingavísitala gefur færi á að skoða betur afleiðingar gengisbreytinga en ekki síður áhrifa mikils launaskriðs á innlendum markaði
- ✓ Árið 2010 var vægi vinnu 24,7% en er nú 33%
- ✓ Árið 2010 var vægi innflutts efnis 29,5% en er nú 22%
- ✓ Gengisþróun hefur þannig mikil áhrif á kostnaðarsamsetningu í byggingariðnaði



- ✓ Vísitala framleiðsluverðs sem lýsir því hvað framleiðandi vöru fær fyrir sinn snúð er áhugaverð.
- ✓ Stöðumunur þeirra fyrirtækja sem eru að selja á heimamarkað eða þeirra sem eru í útflutningi er mikill

Vísitala framleiðsluverðs 2006-2016



Breytingar á gengi breyta hegðun fyrirtækja og almennings

- ✓ Þær miklu sviptingar sem hafa verið á gengi krónunnar síðustu ár, bæði nafngengi og raungengi hafa bein áhrif á hegðun fólks og fyrirtækja. Hegðun fólks ýkir og ýtir undir gengisþróunina.
- ✓ Ákvarðanir um fjárfestingar, markaðssetningu, fjármagnsskipan, mannaráðningar o.sfrv. Mótast af gengisstöðu á hverjum tíma, af undangenginni þróun og horfum.
- ✓ Á þeim tíma er raungengi er að hækka dregur úr uppbyggingu og hætt er við samdrætti í útflutnings- og samkeppnisgreinum.
- ✓ Starfssemi sem flýr úr landi eða byggist upp annarsstaðar vegna vondrar samkeppnisstöðu kemur ekki aftur.
- ✓ Heyrum þetta frá fyrstu hendi